

Föstudaginn 6. dez. 1935.

Nr. 41/1935. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)
gegn

John Frederic Whitley

(Lárus Fjeldsted).

Landhelgisbrot. Ólöglegur umbúnaður veiðarfæra.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 16. marz 1935: Kærði, John Frederich Whitley, greiði 5000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi einfalt fangelsi í 80 daga í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir um borð í togaranum H. 405 Balthasar skulu upptæk til Landhelgissjóðs Íslands.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Þegar varðskipið Ægir kom að togaranum H. 405, „Balthasar“, kl. 8 og 14 mín. árd. hinn 16. marz þ. á., út af Öndverðarnesi, var eftirfarandi staðarákvörðun gerð af varðskipinu með hornmælingum, sem gerðar voru samtímis af báðum stýrimönnum þess:

Öndverðarnestá

> 40° 27'

Grashóll

> 26° 23'

Hólahólar

Samkvæmt útsetningu skipstjóra varðskipsins á sjókort verður þá staður varðskipsins, er mælingin er gerð, 0,5 sjómilur innan landhelgislinunnar, og þar eð togarinn H. 405, Balthasar, var þá í 150—200 metra fjarlægð frá varðskipinu og, eftir skýrslu skipstjóra varðskipsins, ekki fjær landi en varðskipið, er komin fram full sönnun þess, að

umræddur togari hafi verið innan landhelgislinunnar á þessum tíma. Eftir að dómur var uppkveðinn í héraði hefir einnig forstöðumaður stýrimannaskólans í Reykjavík sett út á sjókort staðinn, er ofangreindar hornmælingar voru gerðar á, og er niðurstaða hans hin sama og skipstjóra varðskipsins, þ. e., að staðurinn sé 0,5 sjómilur innan landhelgislinunnar.

Það er upplýst, að veiðarfæri togarans voru í því ástandi, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi, að hann var staddur á fiskisvæði og að veður og sjór var eigi meiri en það, að unnt var að toga á þeim tíma, er togarinn var tekinn, enda nokkrir togarar þá að veiðum þar í grendinni. Brot kærða er því réttilega heimfært undir 2. gr. sbr. 3. gr., 2. mgr. laga nr. 5/1920. Ber þannig, þar sem um ítrekað brot er að ræða, að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó svo, að sektin verði, með tilliti til dags gengis íslenzkrar krónu, sem nú er 49.21, 4500 krónur, og afplánist hún með einföldu fangelsi í 75 daga, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Svo greiði kærði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 120 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera :

Hinn áfrýjaði dómur skal óraskaður þó svo, að sektin verði 4500 krónur, og komi einfalt fangelsi í 75 daga í stað hennar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Kærði, John Frederic Whitley, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir

hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna
Péturs Magnússonar og Lárusar Fjeldsted, 120
krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að
lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn
John Frederich Whitley, skipstjóra á togaranum H. 405
Balthasar fyrir brot gegn lögum nr. 5, 1920 og lögum nr.
36, 1926, sbr. lög nr. 4, 1924.

Kærði var í desember 1928 dæmdur í lögreglurétti Ísa-
fjarðar í 10 þúsund gullkróna sekt og afli og veiðarfæri í
skipi hans gerð upptæk fyrir brot gegn landhelgislöggjöf-
inni.

Klukkan 8,14 árdegis í dag kom varðskipið Ægir að
skipi kærða þar sem það var stutt 0.5 sjómíliur innan land-
helgislinunnar út af Öndverðarnesi. Voru veiðarfærin um
borð í skipi kærðs þá í ástandi því, sem nú skal greina,
samkvæmt skýrslu skipherrans á varðskipinu og játningu
kærðs.

Hlerar stjórnborðsvörpu héngu báðir á gálgu og bæði
dragstrengjum og vörpu lásað í hlerana. En netið sjálft lá
laust og óbundið á þilfarinu, og botnvöltturnar héngu út af
öldustokknum miðskipa. Fiskur var enginn á þilfarinu að
undanteknu einhverju af karfa og ruslfiski. Fiskisvæði er
þarna, og voru nokkur skip á þessum tíma að veiðum
þarna undan, en eigi segist kærði hafa haft í hyggju að
fiska þarna, heldur hafi hann ætlað að halda lengra suð-
ur, en er varðskipið kom að honum, segist hann hafa ver-
ið alveg nýkominn á þetta svæði.

Með hliðsjón af fyrrgreindu ástandi veiðarfæranna og
með tilliti til þess að kærði er þarna staddur á fiskisvæði,
þá verður eigi litið svo á, að það sé ljóst, að kærði hafi
eigi undirbúið það að fiska þar, og varðar brot hans því
við 2. gr., sbr. 3. gr. 2. mgr. laga nr. 5, 1920. Með hlið-
sjón af fyrra broti kærða og með tilliti til núverandi gull-
gildis krónunnar þykir refsing hans hæfilega ákveðin

5000 kr. sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi einfalt fangelsi í 80 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, um borð í fyrrgreindu skipi kærða, skulu upptæk til sama sjóðs.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 9. dez. 1935.

Nr. 33/1935. **Páll Friðfinnsson** (Garðar Þorsteinsson)
 gegn

**Bæjarstjórn Siglufjarðar f. h. bæjar-
 sjóðs** (Einar B. Guðmundsson).

Útsvarsmál.

*Úrskurður fúgetaréttar Siglufjarðar 18. jan. 1935: Lög-
 takið skal fram fara.*

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu er skotið til hæstaréttar með stefnu, útgefni 8. apríl þ. á., að fengnu áfrýjunarleyfi 2. s. m.

Áfrýjandi hefir krafizt þess, að hinn áfrýjaði fúgetaréttarúrskurður frá 18. jan. þ. á. og lögtaksgerð framkvæmd s. d. verði úr gildi felld, og að hin stefnda bæjarstjórn verði f. h. bæjarsjóðs dæmd til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Af hálfu hinnar stefndu bæjarstjórnar hefir verið krafizt staðfestingar á hinum áfrýjuðu dómsathöfnum og málskostnaður af áfrýjanda eftir mati dómsins.

Árið 1934 lagði niðurjöfnunarnefnd Siglufjarðar-